

# RÉTTARSTAÐA FYRIRTÆKJA OG INNGRIP Í REKSTUR

Erindi á morgunverðarfundum SA 22. janúar 2015

# YFIRLIT

- Víðtækar rannsóknarheimildir Samkeppniseftirlitsins
  - Ríkur upplýsingaréttur
  - Húsleit og haldlagning gagna
- Refsikennd viðurlög og önnur íhlutun
  - Háar stjórnvaldssektir – refsikennd viðurlög
  - Heimild til uppskiptingar fyrirtækja – breytingar á atferli og skipulagi
- Ófullnægjandi réttarstaða fyrirtækja við málsmeðferð og rannsókn
  - Ábendingar og tillögur SA frá 2012
  - Notkun gagna og upplýsinga sem aflað er
  - Réttur fyrirtækis til trúnaðarsamskipta við lögmann
  - Óvissa um gildi samkeppnislaga
  - Málsmeðferðartími

# RANNSÓKNARHEIMILDIR SE

- Samkeppniseftirlitið getur krafist fyrirtæki um allar upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála.
- Þagnarskylda annarra stjórnvalda vikur fyrir upplýsingarétti Samkeppniseftirlitsins.
- Samkeppniseftirlitið getur framkvæmt húsleitir í starfsstöðvum fyrirtækja og lagt þar hald á gögn.
- Framkvæmd slíkra rannsóknaraðgerða felur m.a. að jafnaði í sér að öll tölvugögn fyrirtækis eru afrituð, hvar sem þau eru geymd, án tillits til þess að svo stöddu hvort gögnin tengjast rannsókn SE eða ekki.

# REFSIKENND VIÐURLÖG OG ÖNNUR ÍHLUTUN

- Viðurlög við broti gegn bannreglum samkeppnislaga eru stjórnvaldssektir sem numið geta allt að 10% af ársveltu hvers fyrirtækis sem aðild á að broti.
- Viðurlögum er ætlað að hafa sértæk og almenn varnaðaráhrif.
- Samkeppniseftirlitið getur gripið til aðgerða gegn m.a. aðstæðum eða háttsemi sem að mati SE kemur í veg fyrir, takmarkar eða hefur skaðleg áhrif á samkeppni almenningi til tjóns. Ekki er skilyrði að um brot gegn bannákvæðum laganna sé að ræða.
- Aðgerðir SE geta falið í sér úrræði til breytingar á atferli og skipulagi fyrirtækis.

# ÓFULLNÆGJANDI RÉTTARSTAÐA

- Ábendingar SA frá 2012:
  - Víðtæka heimild SE til að taka samrunamál upp að nýju ef ákvörðun SE er ógilt af dómstól eða áfrýjunarnefnd samkeppnismála ber að afnema.
  - Heimild SE til að skjóta úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála til dómstóla ber að afnema.
  - Tryggja þarf réttarstöðu fyrirtækja vegna húsleitar og haldlagningar gagna. Frumrit séu ekki tekin af starfsstöðvum fyrirtækja heldur tekin afrit. Afrituð tölvugögn séu innsigluð og fulltrúa fyrirtækis tryggður réttur til viðveru þegar tölvugögn eru skoðuð.
- Notkun gagna og upplýsinga sem aflað er:
  - Óeðlilegt dæmi úr framkvæmd.
- Réttur fyrirtækis til trúnaðarsamskipta við lögmann
  - Grundvallarréttindi sakbornings í opinberu máli
  - Sækir stoð í m.a. 6. gr. MSE og 70. gr. stjórnarskrár
  - Viðurkenndur réttur í evrópskri samkeppnislagaframkvæmd
  - Íslensk samkeppnislagaframkvæmd í ósamræmi við þetta.

# ÓFULLNÆGJANDI RÉTTARSTAÐA (2)

- Óvissa um gildi samkeppnislaga
  - Er fyrirtækið markaðsráðandi eða ekki? Milljón dollara spurning.
- Málsmeðferðartími
  - Almennur málsmeðferðartími er of langur
  - Umsóknir um undanþágu frá 10. gr. samkeppnislaga.
- Tillögur til úrbóta
  - Framkvæma tillögur SA frá 2012.
  - Setja SE skýrari mörk um heimila notkun gagna sem aflað er vegna rannsóknar tiltekins máls. Almenn endurskoðun málsmeðferðar- og verklagsreglna.
  - Tryggja og virða í framkvæmd skýlausan rétt fyrirtækis til trúnaðarsamskipta við lögmann.
  - Einungis beita sektum vegna misnotkunar á markaðsráðandi stöðu þegar fyrirtæki veit eða má vita að það telst í markaðsráðandi stöðu. Leiðbeining og samskipti við samkeppnisyfirvöld.
  - Marka málsmeðferð í undanþágumálum skýran málsmeðferðartíma eða fella úrræðið úr lögum og gera fyrirtækjum kleyft að afgreiða sig sjálf með skýrum leiðbeiningarreglum.